

**A 1720/kultur****Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um  
**Þingmannatillögu**  
**um að afnema lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum**

**Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún láti kanna hvað þurfi til að afnema lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum í stafrænni sjónvarpsþjónustu milli Norðurlandanna.

**Aðdragandi**

Flokkahópur miðjumanna lagði fram 3. apríl 2017 svohljóðandi tillögu:

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún afnemi lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum í stafrænni sjónvarpsþjónustu milli Norðurlandanna.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin fjallaði um þingmannatillöguna á sumarfundi sínum í júní 2017. Í þingmannatillögunni kemur fram að flokkahópur miðjumanna telur að aðgangur að sjónvarpsrásum grannríkjanna sé mikilvægur fyrir sameiginlegan tungumálaskilning á Norðurlöndum og álitur lokun höfundarréttarvarins efnis, þ.e.a.s. að takmarka aðganginn að sjónvarpsefni eftir svæðum, bæði línulegs sjónvarps og netsjónvarps, vera stjórnsýsluhindrun milli Norðurlandanna. Flokkahópur miðjumanna telur ennfremur að Norðurlöndin eigi að ganga í fararbroddi og bíða ekki hugsanlegrar ákvörðunar ESB um aðgerðir til að auka aðganginn að evrópsku sjónvarpsefni.

Nefndin fjallaði um þingmannatillöguna á sumarfundinum 26. júní 2017. Nefndin var sammála röksemdafærslunni í þingmannatillögunni um að lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum sé hindrun fyrir norræn menningarsamskipti. Breyttar fjölmiðlavenjur borgaranna – þar sem aukinn fjöldi fólks, í stað þess að horfa á sjónvarp, notar stafræna streymisþjónustu í tölum sínum, spjaldtölum og sínum – eru hugsanleg ógn við tungumála- og menningarskilninginn milli Norðurlandanna.



Stór hluti vinsælasta efnisins, líka efni sem er framleitt á Norðurlöndum, sætir svona lokun til sýninga í hinum norrænu ríkjunum.

Vinna er í gangi innan ESB sem stefnir að auknum aðgangi að stafrænni sjónvarpsþjónustu í Evrópu. Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu um viðauka við tilskipun sína um útsendingu um gervihnött og endurvarp um kapal, sem hluta af stefnunni um stafrænan innri markað, svo hún nái líka til efnis sem er aðgengilegt á netinu. Viðauki við tilskipunina ætti að auka aðgang að norrænu og evrópsku sjónvarpsefni í streymisþjónustu sjónvarpsstöðvanna því þegar réttindamálin eru frágengin í upprunalandinu eru þau sjálfkrafa frágengin innan ESB-svæðisins (meginreglan um upprunaland). Framkvæmdastjórn ESB vill á þennan hátt afnema óréttmæta lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum, sem sent er á netinu í sjónvarpi og útvarpi. Þetta felur þó í sér að til er sjónvarpsefni þar sem framkvæmdastjórnin telur lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum réttmæta. Dæmi þar sem réttmætt getur talist að loka höfundarréttarvörðu efni eftir svæðum eru vinsælar sjónvarpsþáttaraðir og kvikmyndir þar sem möguleikar eru á að selja sýningarrétt á Norðurlöndum og úti um heim, sem og íþróttaviðburðir. Tillagan felur þannig ekki í sér, ef hún verður samþykkt, að allt efni sem má finna í streymisþjónustu sjónvarpsstöðvanna verði gefið frjálst.

Ástæða þess að ríkisreknu sjónvarpsstöðvarnar vilja geta lokað á höfundarréttarvarið efni eftir svæðum er sú að sala sýningarréttar skapar miklar tekjur fyrir stöðvarnar, tekjur sem eru notaðar til framleiðslu nýs sjónvarpsefnis, kvikmynda og þáttaraða. Ef allt stafrænt efni í streymisþjónustu sjónvarpsstöðvanna yrði gefið frjálst þyrftu stöðvarnar að fá bætur fyrir tekjutapið.

Í tengslum við að framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu sína, um viðauka við tilskipunina um útsendingu um gervihnött og endurvarp um kapal, fór fram opinbert samráð. Í svörinum (256 stk.) úr samráðinu kemur skýrt fram að samtök neytenda eru einróma hlynnt viðaukanum við tilskipunina. Ríkisreknu sjónvarps- og útvarpsstöðvarnar og aðildarríkin/stjórnvöld eru hóflega jákvæð, en engar umbætur mega grafa undan samningsfrelsinu, þ.e.a.s. ríkisreknu stöðvarnar verða að halda réttinum til að loka höfundarréttarvörðu efni eftir svæðum þegar slíkt er réttmætt. Einstaka rétthafar og réttindasamtök og einkareknu stöðvarnar eru neikvæð þar sem þau telja að umbætur hefðu neikvæð áhrif á fjármögnun framleiðslu myndefnis; að rétthafarnir gætu ekki lengur ákveðið á hvaða svæðum þeir geti selt framleiðslu sína og að það hefði neikvæð áhrif á tekjur höfundanna.

Í skýrslu um menningu norrænu grannþjóðanna *Nabolandskultur i Norden – udbredelse, adgang og brug* frá árinu 2012 (unnin af Christian Nissen að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar) er því slegið föstu að þó svo að notkun norrænnar menningar frá öðrum norrænum ríkjum sé frekar lítil, þá er fyrst og fremst áhugi á að sjá meira sjónvarpsefni hvert frá öðru. Svo undarlega sem það kann að hljóma, þá er aðgangur að norrænum sjónvarpsrásum meiri í dag en nokkru sinni fyrr og með aðgangi að streymisþjónustu norrænu ríkisreknu sjónvarpsstöðvanna hefur hann aukist enn frekar. Í skýrslunni er komist að þeirri lokaniðurstöðu að misræmið milli



aðgangs og raunverulegrar nýtingar sé að hluta til komið til vegna lítillar þekkingar á hve mikill aðgangurinn í raun er, en líka að málefni rétthafa séu hindrun sem leysa þurfi ef borgararnir eigi að fá fullan aðgang. Skýrslan lýsir því eftir ítarlegri úttekt á vandamálum tengdum málefnum rétthafa.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin gerir sér grein fyrir að málið er flókið og hafi í för með sér lagalegar og fjárhagslegar afleiðingar. Koma þarf til móts við kröfur rétthafanna um endurgjald um leið og auka ber aðgang borgaranna að streymisþjónustu ríkisreknu sjónvarps- og útvarpsstöðvanna. Nefndin ákvað því að breyta upphaflega málsliðnum í að beina þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún láti kanna það sem til þarf, lagalega og fjárhagslega, til þess að Norðurlöndin geti afnumið lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum. Könnunin ætti líka að gera grein fyrir þróuninni á þessu sviði innan ESB og hvað þurfi til svo að norrænu ríkisreknu stöðvarnar geti átt sameiginlegar samningaviðræður við samtök höfundarréttarhafa. Ennfremur hvaða pólitískan vilja og pólitíska möguleika við höfum til að leysa vandann með lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum.

Könnunin ætti líka að horfa til sértæks vanda sem varðar Álandseyjar. Álandseyjar, sem eru sænskumælandi sjálfstjórnarsvæði í Finnlandi, hafa ekki fullan aðgang að sjónvarpsefni sænska ríkissjónvarpsins í streymisþjónustu sinni. Vandamálið mætti leysa með tvíhliða samningum með því að sænska ríkissjónvarpið taki með sýningarrétt á Álandseyjum af öllu efni í streymisþjónustunni þegar samið er við samtök höfundarréttarhafa.

Könnunin getur einnig skoðað hversu útbreidd notkun svonefndrar VPN-þjónustu er á Norðurlöndum. VPN-tæknin gerir notandanum kleift að sniðganga lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum á þann hátt að þjónustan úthlutar tölvunni órekanlegri IP-tölu, sem tilheyrir því landi sem notandinn vill fá aðgang að sjónvarpsefni frá. Afleiðingarnar eru þær að rétthafar efnis fá ekki greitt fyrir efnið.

Upphaf svona könnunar gæti verið að Norræna ráðherranefndin safnaði saman stjórnámálamönnum, samtökum höfundarréttarhafa, ríkisreknum sjónvarps- og útvarpsstöðvum og einkareknum stöðvum til þess að ræða hvað þurfi til svo að Norðurlöndin geti afnumið lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum.

Nefndin bíður niðurstöðu könnunarinnar, til dæmis á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2018.

Reykjavík, 20. september 2017

*Angelika Bengtsson (SD)*  
*Annette Lind (S)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Iddimangiu Bianco (IA)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Johanna Karimäki (gröna)*

*Jorodd Asphjell (A) formaður*  
*Lars-Arne Staxäng (M)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Pauli Trond Petersen (T)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*

